



Baron ring amethyst | Hendrikka Waage

Skartgripasamkeppni Hendrikku Waage

Í samvinnu við Hönnunarmiðstöð Íslands

Hendrikka Waage og Hönnunarmiðstöð Íslands standa fyrir keppni um hönnun á skartgripalínu sem markaðsett verður undir merki Hendrikku Waage og siguvegara keppinnar

Keppnin gengur út á að hanna skartgripasett, hálsmen, armband, eyrnarlokka og hring en hún er öllum opin. Skartgripirnir þurfa að vera úr silfri eða gulli og æskilegt er að þeir séu með zircon eða eðalsteinum sem er þó ekki skilyrði. **Verðlaunahafi hlýtur 500.000 kr. verðlaun** sem Hendrikka Waage leggur til. Auk þess verður línan seld víðs vegar um heim. Veitt verður sérstök viðurkenning fyrir frumlegustu tillöguna.

Í dómnefnd keppinnar situr þungaviktarfólk í hönnun og tísku erlendis frá og á Íslandi

- Hendrikka Waage
- Geoffroy Medinger forstjóri Van Cleef & Arpels í London
- Louise Sherman frá Dargen't í London
- Sævar Jónsson – Leonard
- Steinunn Sigurðardóttir, fatahönnuður | steinunn.com
- Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Keppnin hefst þriðjudaginn 24. nóvember. Skilafrestur rennur út föstudaginn 15. janúar. Úrslit samkeppinnar verða tilkynnt 29. janúar 2010 en á sama tíma verða valdar tillögur sýndar.

Um Hendrikku Waage: Hendrikka Waage er skartgripahönnuður sem starfar á alþjóðavettvangi. Fyrir nokkrum árum hóf hún stórsókn sína á skartgripamarkaðinn og vakti strax verulega athygli en skartgripalína Hendrikku nýtur sífellt meiri vinsælda víðs vegar um heim. Nýverið valdi stórblaðið The Times í London „hanastélshring“ hennar einn af þeim sex bestu á markaðnum. Verkum hennar hafa einnig verið gerð góð skil í Vogue, Elle, Hallo, og öðrum helstu tískutímaritum. www.hendrikkawaage.com

Nánari upplýsingar: honnunarmidstod.is



Skartgripasamkeppni Hendrikku Waage í samvinnu við Hönnunarmiðstöð Íslands

Hendrikka Waage og Hönnunarmiðstöð Íslands standa fyrir keppni um hönnun á skartgripalínu sem markaðsett verður undir merki Hendrikku Waage og siguvegara keppinnar.

Keppnin er öllum opin og gengur út á að hanna skartgripasett, hálsmen, armband, eyrnarlokka og hring. Skartgripirnir þurfa að vera úr silfri eða gulli og æskilegt er að þeir séu með zircon eða eðalsteinum sem er þó ekki skilyrði.

Verðlaunahafi hlýtur 500.000 kr. verðlaun sem Hendrikka Waage leggur til. Auk þess verður línan seld víðs vegar um heim. Einnig varður veitt sérstök viðurkenning fyrir frumlegustu tillöguna og hönnuði hennar boðið að vinna verkefnið áfram með Hendrikku Waage.

Dómnefnd:

- Hendrikka Waage
- Geoffroy Medinger forstjóri Van Cleef & Arpels í London
- Louise Sherman frá Dargen't í London
- Sævar Jónsson – Leonard
- Steinunn Sigurðardóttir, fatahönnuður | steinunn.com
- Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Umsóknarferli:

Keppnin hefst þriðjudaginn 24. nóvember. Tillögum skal skila í lokuðu umslagi merktu dulnefni í Hönnunarmiðstöð Íslands, Vonarstræti 4b, 101 Reykjavík, fyrir kl. 17.00, föstudaginn 15. janúar 2010. Í umslaginu skal vera annað lokað umslag merkt dulnefni en inni í því þarf rétt nafn hönnuðar, heimilisfang og sími að koma fram. Tillögum skal skila útprentuðum á A4 blaði í lit (hámark 3 síður) með mælingum og efnislýsingu. Tillögum skal einnig skila á rafrænu formi á diskum með pdf skjölum. Úrslit samkeppinnar verða kynnt á 29. janúar 2010 en á sama tíma verða valdar innsendar tillögur sýndar.

Framleiðsla og sala: Hönnuðurinn sem hlýtur 1. verðlaun fær kr. 500.000 í verðlaunafé en auk þess verður skartgripalínan framleidd undir vörumerki Hendrikku Waage og hönnuðar í sameiningu. Hendrikka Waage sér um þróun vörunnar í samráði við hönnuðinn, framleiðslu, dreifingu og kynningu. Hönnuður fær 5% umboðspóknun af sölu. Einnig má gera ráð fyrir því að fleiri skartgripir í samkeppninni verða valdir til framleiðslu á næstu mánuðum.

Um Hendrikku Waage: Hendrikka Waage er skartgripahönnuður sem starfar á alþjóðavettvangi. Fyrir nokkrum árum hóf hún stórsókn sína á skartgripamarkaðnum og vakti strax verulega athygli en skartgripalína Hendrikku nýtur sífellt meiri vinsælda víðs vegar um heim. Nýverið valdi stórblaðið The Times í London „hanastélshring“ hennar einn af þeim sex bestu á markaðnum. Verkum hennar hafa einnig verið gerð góð skil í Vogue, Elle, Hallo, og öðrum helstu tískutímaritum. Fyrir utan eigin skartgripahönnun vinnur Hendrikka að spennandi hönnunarverkefnum með öðrum hönnuðum. Einnig sérhannar hún einstaka, hágæða, skartgripa fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki. Hendrikka hefur ferðast og búið víða um heim en hún með meistargráðu í alþjóða viðskiptum sem hefur veitt henni mikla þekkingu á erlendum mörkuðum, og veitt henni tækifæri til að kynna margþættum og ólíkum menningarheimum. Hendrikka býr í London og vinnur ma. umtalsvert fyrir góðgerðasamtök en hún er stofnandi og Forseti Kids Parliament, sem eru alþjóðleg góðgerðasamtök með höfuðstöðvar í Vín í Austuríki. www.hendrikkawaage.com